

Nd.

292. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasild.

Flm.: Áki Jakobsson, Hermann Guðmundsson.

1. gr.

Til þess að skipuleggja öflun og hagnýtingu markaða fyrir þá síld, er veiðist í Faxaflóa og í hafinu í kringum Reykjanes og Snæfellsnes, skal atvinnumálaráðherra skipa sérstaka 5 manna nefnd, faxasildarnefnd, til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Landssambands ísl. útvegsmanna, og þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Nefndin skal hafa aðsetur í Reykjavík eða í Hafnarfirði, og skulu nefndarmenn búsettir það nærri þessum stöðum, að þeir geti sótt þangað fundi með litlum fyrirvara.

Nefndin getur ráðið sér starfsmann til þess að annast dagleg störf, svo og aðstoðarfólk eftir þörfum.

Ráðherra ákveður laun nefndarmanna og greiðast þau úr þeim sjóði, er un ræðir í 12. gr. þessara laga.

2. gr.

Verkefni faxasildarnefndar eru sem hér segir:

1. Öflun markaða fyrir faxasild.
2. Semja árlega áætlun um hagnýtingu aflans.
3. Úthluta í samræmi við áðurnefnda áætlun veiði- og verkunarleyfum.
4. Hafa forgöngu um nýjar verkunaraðferðir og gera tilraunir þar að lútandi.
5. Löggilda útflytjendur faxasildar.
6. Annast útflutning og sölu faxasildar, þegar ráðherra felur henni það.
7. Að afla allra þeirra nauðsynja, er þarf til verkunar síldarinnar, svo sem tunnur, salt o. fl., og hafa birgðir fyrirbyggjandi.

3. gr.

Enginn má bjóða til sölu eða flytja til útlanda faxasild, hvernig sem hún er verkuð, nema leyfi faxasildarnefndar komi til. Eigi má afgreiða farmskírteini fyrir síldarsendingum til útlanda nema slíkt leyfi liggi fyrir.

Leyfi til útflutnings á sild skulu aðeins veitt þeim, er fengið hafa löggildingu sem sildarútflytjendur.

4. gr.

Faxasildarnefnd hefur með höndum forgöngu um sölu þeirrar sildar, er veiðist í Faxaflóa og í hafinu í kringum Reykjanes og Snæfellsnes, svo skal nefndin og hafa forgöngu um markaðsleit og tilraunir til að selja sild á nýjum markaði og annað það, er lýtur að viðgangi sildarútgerðar við Faxaflóa. Skal nefndin eftir föngum haga markaðsöflun þannig, að ávallt sé fyrir hendi markaður, þegar veiði er von.

5. gr.

Nefndin skal árlega fyrir aðalveiðitímamann á haustin semja áætlun um, hvernig hagnýta skuli sildaraflann. Hún skal ákveða, hve mikið skuli salta og hvernig, hve mikið skuli fryst til útflutnings og hve mikið flutt út ísað eða verkað á annan hátt. Áætlun þessi skal fyrst og fremst byggð á þeim markaðsmöguleikum, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma.

6. gr.

Nefndin skal í samræmi við áætlunina, er um getur í 5. gr., úthluta veiði- og verkunarleyfum.

Allir sildarútgerðarmenn skulu fyrir þann tíma, er nefndin ákveður, sækja um veiðileyfi fyrir skip sín. Skal í leyfisbeiðninni tilgreina tölu skipa, stærð og ein-kennistölu og áætla afla til verkunar. Enn fremur skal skýra frá, hjá hverjum sildin skuli veruð og hvernig og hver hafi sildina til sölumeðferðar. Allir sildarsaltendur skulu fyrir sama tíma sækja um verkunarleyfi til nefndarinnar og skýra frá, hve margar tonnur hverrar tegundar þeir óska að verka og af hvaða skipum. Hver saltandi, er söltunarleyfi fær, er skyldur að hlíta fyrir mælum nefndarinnar um hámark verkunargjalds á hverja tunnu, sem hann saltar fyrir útgerðarmenn, og um ábyrgð á sildarverkuninni.

Framangreind ákvæði um sildarsaltendur gilda og um þá, er taka sild til verkunar á annan hátt.

Allir sildarframleiðendur eru skyldir að láta nefndinni í té þær upplýsingar, sem hún krefst og stuðlað geta að því, að veiðinni verði hagað eftir söluhorfum, og skulu þeir hlíta fyrir mælum hennar í þeim efnum, en skylt er nefndinni að hafa um þetta sem nánasta samvinnu við sildarframleiðendur. Skýrslur um veiði og verkun skal gefa nefndinni daglega.

7. gr.

Faxasildarnefnd löggildir sildarútflytjendur, ákveður tölu þeirra og löggildingartíma.

Þeir, sem fá löggildingu faxasildarnefndar sem útflytjendur, verða að skuldbinda sig til að hlíta fyrir mælum hennar framboð og lágmarksverð á sild, sem seld er til útlanda, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það, sem nefndin setur að skilyrði fyrir veitingu útflutningsleyfa samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Útflytjendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar, sem hún óskar, um allt, sem snertir sölu og útflutning sildar, og hefur nefndin frjálstan aðgang að verzlunarbókum og skýrslum þeirra hér að lútandi. Nefndin er bundin þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda, er hún verður áskynja um á þennan hátt.

9. gr.

Nú telur ráðherra og faxasildarnefnd, með tilliti til markaðslanda og innanlandsástands, að betur muni notast útflutningsmöguleikar með því að taka upp einkasölu á faxasild, og getur þá ráðherra með samþykki faxasildarnefndar falið

henni einkasölu til útlanda á allri faxasíld eða ákveðnum tegundum hennar, eftir því sem henta þykir.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um fyrirkomulag einkasölnunnar og annað það, sem leiðir af ákvæðum þessarar greinar.

10. gr.

Faxasíldarnefnd ákveður verð á fersksíld til veiðiskipa, og getur hún ákveðið mismunandi verð eftir því, hvernig síldin er verkuð. Sé verð á fersksíld mismunandi, getur nefndin sett fyrirmæli, sem tryggja veiðiskipum sem svipaðast verð fyrir aflann.

11. gr.

Nú verður það nauðsynlegt að dómi faxasíldarnefndar til þess að tryggja gæði eða sölu faxasíldarframleiðslunnar að takmarka veiði. Er nefndinni þá heimilt að ákveða, hvenær söltun megi hefjast, svo og takmarka eða banna söltun um lengri eða skemmri tíma og ákveða hámark söltunar af hverju skipi. Framangreind fyrirmæli gilda um aðrar verkunaraðferðir, eftir því sem við á.

12. gr.

Til þess að standast kostnað af störfum faxasíldarnefndar og framkvæmd þessara laga getur nefndin ákveðið með samþykki ráðherra, að greitt verði í sérstakan sjóð 2% af andvirði seldrar faxasíldar.

Nú verður sjóður þessi svo mikill, að öruggt þykir, og getur þá faxasíldarnefnd ákveðið að fengnu samþykki ráðherra að endurgreiða úr honum til síldar-eigenda í réttu hlutfalli við verðmagn seldrar síldar.

13. gr.

Ráðherra skipar tvo endurskoðendur reikninga faxasíldarnefndar til eins árs í senn og ákveður laun þeirra, sem greiðast úr sjóði nefndarinnar.

14. gr.

Ákvæði laga þessara ná eingöngu til þeirrar síldar, er veiðist í Faxaflóa við Reykjanes og Snæfellsnes, og eru við gildstöku þessara laga öll afskipti síldarútvegsnefndar af síld, er veiðist á fyrrgreindu svæði, afnumin þ. á m. ákvæði 2. gr. laga nr. 74 29. des. 1934 um 2% gjald í sjóð síldarútvegsnefndar.

Faxasíldarnefnd skal hafa náð samstarf við síldarútvegsnefnd. Rísi ágreiningur milli nefndanna, sker ráðherra úr.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, svo og gegn ákvæðum og fyrirmælum faxasíldarnefndar skulu sæta meðferð opinberra mála og varða sektum, allt að 200 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fjöldamörg undanfarin ár hefur mikið veiðzt af síld í Faxaflóa og umhverfis Reykjanes og Snæfellsnes. Þessi síld kemur hér reglulega vor og haust er oft langt fram á vetur. Nú sem stendur er mikið magn síldar í Kollafirði og Hvalfirði, og á síðastliðnum vetri var síld á sundunum norðan Seltjarnarness fram í febrúarmánuð, svo sem menn muna, og sennilega lengur, þó ekki hafi verið hirt um að veiða hana lengur. Það er því ljóst, að mikil síld er í Faxaflóa árlega, sem gæti verið grund-

völlur allstórfellds sildariðnaðar, ef ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að hægt væri að hagnýta þessa veiði.

Frá því fyrripart desembermánaðar hefur verið mikil veiði í Kollafirði og Hvalfirði, eins og áður er getið, hins vegar hefur hagnýting hennar orðið miklu minni en skyldi, vegna þess að ekki höfðu verið gerðar nógu víðtækar ráðstafanir til markaðsöflunar fyrir síldina og því ekki undirbúin nein verkun hennar. Á s. l. hausti sendi atvinnunálaráðherra tvo menn til Póllands til þess m. a. að athuga um möguleika á því að selja ísaða síld þangað. Árangur hefur ekki fengizt, þó að ekki sé útilokað, að það geti orðið. Þá seldi sildarútvegsnefnd nokkuð af saltaðri faxasíld til Svíþjóðar fyrir gott verð, og var nokkuð saltað, en þó ekki upp í samningana. Þessar ráðstafanir voru engan veginn nægilegar til þess, að hægt væri að stunda síldveiðarnar af því kappi, sem tók voru og eru á. Nú sem stendur er þó verið að gera ýmsar tilraunir til sölu á faxasíld, bæði saltaðri, frystri og ísaðri, og standa vonir til þess, að það takist.

Vandræði þau, sem orðið hafa í sambandi við hagnýtingu síldaraflans í Faxaflóa í haust og vetur, eru í raun og veru þau sömu og orðið hafa á svo að segja hverju hausti síðan farið var að veita síld athygli á þessu svæði, eða frá 1935. Það má heita, að sama sagan hafi endurtekið sig á hverju ári. Þegar síldveiði hefur verið byrjuð, hefur verið rokið til að útvega tunnur og salt og reyna að selja síldina. Það hefur oft tekið nokkurn tíma, sem hefur þá frestað aðgerðum, vegna þess líka að bankarnir fylgja yfirleitt þeirri aðferð að lána ekki út á sjávarafurðir, sem ekki er búið að selja. Þannig hafa tækifærin gengið úr greipum útvegsmanna og sjómanna til þess að hagnýta sér möguleikana til síldveiði hér syðra.

Samkvæmt lögum um sildarútvegsnefnd er henni ætlað að annast alla sildarframleiðslu á landinu, en eins og gefur að skilja, er þó norðanlandssíldin hennar aðalverkefni. Það hefur því yfirleitt farið svo, að faxasíldin hefur gleymzt og sildarútvegsnefnd ekki gert ráðstafanir til markaðsöflunar fyrir hana né tunnur og saltútveganir fyrr en veiðin var hafin og hrópin fóru að heyrast frá útvegs mönnum og sjómönnum syðra.

Það hefur því endurtekið sig því nær árlega, að ekki hefur reynzt mögulegt að hagnýta sér veiðimöguleika í Faxaflóa, vegna þess að enginn eða ófullkominn undirbúningur var gerður til þess að verka síldina og afla markaða fyrir hana. Við svo búið má ekki standa lengur. Síldveiði við Suðvesturlandið er svo mikil, að hún og verkun síldarinnar gæti verið stór liður í atvinnulífi landsins.

Til þess að svo geti orðið, er með frv. þessu stungið upp á þeirri lausn, að létta af sildarútvegsnefnd áhyggjum af faxasíldinni, enda er henni mjög umhent að annast þau störf, eins og reynslan hefur sýnt, og stofna sérstaka faxasíldarnefnd, er hafi með höndum ráðstafanir til hagnýtingar og markaðsöflunar fyrir Faxaflóasíld. Ætlazt er til þess með frv. þessu, ef að lögum verður, að unnið verði að markaðsöflun og undirbúningi að hagnýtingu síldarinnar árið um kring af aðila, sem getur beint athygli sinni sérstaklega að þessu verkefni og beri þá um leið fulla ábyrgð á því, að allir möguleikar fyrir útflutningi á þessari síld, sem fyrir eru, hafi verið athugaðir. Með því móti ætti það að vera tryggt, að bátaflotinn, sá sunnlenski að minnsta kosti, geti örugglega snúið sér að síldveiðinni í Faxaflóa á þeim tímum, sem síld veiðist.

Sildarútvegsnefnd mun nær eingöngu hafa látið saltsíld, verkun hennar og útflutning til sín taka, en með frv. þessu er gert ráð fyrir, að faxasíldarnefnd skuli hafa umrædd afskipti af allri síld, hvort sem hún er söltuð, fryst, flutt út ísuð eða verkuð á annan hátt; þó er að sjálfsögðu undanskilin hennar ráðstöfunum sú síld, sem fryst er til beitu. Það er vafalaust miklu heppilegra eins og aðstaða er í Faxaflóa að sameina á einni hendi yfirstjórn síldarmála vegna þess hvað t. d. ísun síldar og hraðfrysting geta verið stórar greinar sildarvinnslunnar hér.

Þær verkunaraðferðir, sem til greina geta komið hér á síld við Suðvesturland, eru einkum þessar: Söltun, hraðfrysting, ísun í kassa eða beint í skip, niðursuða, reyking og ef til vill fleira. Það er að sjálfsögðu verkefni nefndar þeirrar, sem lögin gera ráð fyrir, að gera tilraunir með fleiri verkunaraðferðir. Eins og sjá má af þessu, er augljóst, að verkun síldar getur orðið allstór atvinnuvegur á Suðvesturlandi, sem veitti mörgum atvinnu, auk þess sem ýmis önnur vinna gæti skapast í sambandi við þessa verkun, svo sem smíði síldartunna o. fl.

Þess gerist ekki þörf að rekja hverja grein frv., en þó skal sérstaklega bent á, að hvað snertir útflutning á faxasíld, er í frv. gert ráð fyrir, að hún sé yfirleitt í höndum framleiðenda, en þó geti ríkisstjórnin, með svipuðum hætti og á sér stað um sildarútvegsnefnd, tekið upp einkasölu, ef það þykir hentugra.